



Áfallaáætlun
Leikskólinn Álfaberg

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Samráðsteymi.	3
Þegar áfall á sér stað.....	3
Hlutverk samráðsteymis.	4
Áföll.....	4
Börnin.	5
Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda á barni í leikskóla.	5
Það sem þarf að gera í leikskólanum í kjölfarið á alvarlegu slysi/veikindum.	6
Slys sem verða utan skólatíma.	7
Andlát barns.	8
Vinna á viðkomandi deild sama dag.	9
Vinna á viðkomandi deild næstu daga.	10
Aðstandendur.....	11
Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda barna.	11
Andlát foreldra/systkina barna.	11
Starfsfólk leikskólans.	12
Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns leikskólans.	12
Verkefni samráðsteymis við andlát starfsmanns skólans.....	13
Andlát maka starfsmanns/barns.	14
Minningarkassi.	15

Samráðsteymi.

Samráðsteymi skal vinna samkvæmt áfallaáætlun leikskólans. Í samráðsteymi sitja eftirfarandi aðilar: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri þeirrar deildar sem málið varðar hverju sinni.

Þegar áfall á sér stað.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist starfsmanni eða leikskólabarni með beinum hætti er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra eða staðgengils hans. Leikskólastjóri kallar saman samráðsteymi ef þurfa þykir sem skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum.

Taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar skipuleggja þarf áfallahjálp.

Samráðsteymi skal ræða áföll sem upp koma og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Ef alvarlegt slys eða áfall á sér stað í sumarleyfi getur verið nauðsynlegt að kalla samráðsteymið saman og huga að viðbrögðum. Ef vart verður við miklar breytingar á hegðun barns getur deildarstjóri óskað eftir fundi með samráðsteymi sem fyrst.

Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans sé vel undir það búið að takast á við erfiðleika sem fylgja hinum ýmsu áföllum. Nauðsynlegt er að samkomulag og skýr vitneskja sé um viðbrögð við áföllum.

*Mikilvægt er að bregðast við áföllum af yfirvegum
og ró og ígrunda vel næstu skref.*

Hlutverk samráðsteymis.

- ❖ Samráðsteymið skal bregðast við þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.
- ❖ Samráðsteymi skal funda eins fljótt og auðið er ef áfall hefur orðið.
- ❖ Samráðsteymi skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum.
- ❖ Samráðsteymi skal sjá til þess að starfsfólk fái stuðning og hjálp.

Áföll.

- ❖ Alvarlegt slys (barna, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- ❖ Alvarleg veikindi barna (barna, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- ❖ Langvinnir sjúkdómar (barns, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- ❖ Andlát (barns, aðstandenda þess, starfsfólks eða aðstandenda starfsfólks).
- ❖ Ofbeldi gegn barni.
- ❖ Kynferðisbrot gegn barni.
- ❖ Skilnaður foreldra.
- ❖ Að auki: þroskafrávik, vanræksla, foreldrasamskipti, hegðunarerfiðleikar, kennsluumhverfi, einelti, erfiðar fjölskylduaðstæður t.d. vímuefnaneysla systkina eða foreldra, o.fl.
- ❖ Vegna breyttra fjölskylduaðstæðna samstarfsfélaga (s.s. skilnaður, vímuefnaneysla, atvinnuleysi, o.fl).

Börnin.

Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda á barni í leikskóla.

- Leikskólastjóri, eða staðgengill hans, tilkynnir foreldrum um slysið/veikindin.
- Deildarstjóri, eða staðgengill hans, fer með barni í sjúkrabíl.
- Taka með allar persónulegar upplýsingar um barnið.
- Leikskólastjóri, eða staðgengill hans, aflar sér upplýsinga um atburðinn og lætur fræðslustjóra , eða staðgengil hans, vita um slysið/veikindin.
- Leikskólastjóri boðar fund með samráðsteymi leikskólans sem skiptir með sér verkum um áframhaldandi vinnu málsins.
- Ef barnið er úrskurðað látið hefur leikskólastjóri, eða staðgengill hans samráð við foreldra/forráðamenn þeirra sem áfallið snertir áður en fagaðilar eru fengnir til stuðnings. Um getur verið að ræða sérfræðinga, fulltrúa trúar – eða lífsskoðunarfélaga eða aðra fagaðila. Trúarlegar helgistundir sem tengjast viðbrögðum við áfalli skulu að öllu jöfnu fara fram utan skólatíma.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri, eða staðgengill hans, sem gefur upplýsingar um málið.
- Leikskólastjóri getur kallað eftir aðstoð annars leikskólastjóra strax ef þörf er á.

Það sem þarf að gera í leikskólanum í kjölfarið á alvarlegu slysi/veikindum.

- Við áfall verður að tryggja að samráð sé haft við foreldra/forráðamenn þeirra sem áfallið snertir áður en fagaðilar eru fengnir til stuðnings. Í nærsamfélagi leikskólans getur verið um að ræða sérfræðinga, fulltrúa trúar- eða lífsskoðunarfélaga eða aðra fagaðila. Trúarlegar helgistundir sem tengjast viðbrögðum við áfalli skulu að öllu jöfnu fara fram utan skólatíma.
- Samráðsteymi fundar og ákveður í samráði við viðkomandi deildarstjóra hvernig bregðast skuli við.
- Starfsfólki leikskólans er tilkynnt um slysið/veikindin. Foreldrar á viðkomandi deild fá upplýsingar, í samráði við viðkomandi fjölskyldu, um atburðinn með símhringingu.
- Börnunum sagt frá hver hafi slasast/veikst og hvar viðkomandi barn sé.
- Athuga skal hvort heimsóknir til barnsins séu mögulegar eða heppilegar.
- Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum, m.a. getur deildin sent kveðju.

Slys sem verða utan skólatíma fá sömu meðferð hjá samráðsteymi leikskólans.

Næstu dagar.

- Leikskólastjóri eða staðgengill hans sér til þess að upplýsingar um líðan barnsins berist til leikskólans.
- Samráðsteymi fundar og ákveður í samráði við viðkomandi deildarstjóra hvernig bregðast skuli við.
- Starfsfólki leikskólans er tilkynnt um slysið/veikindin. Foreldrar á viðkomandi deild fá upplýsingar, í samráði við viðkomandi fjölskyldu, um atburðinn með símhringingu.
- Börnunum sagt frá hver hafi slasast/veikst og hvar viðkomandi barn sé.
- Athuga skal hvort heimsóknir til barnsins séu mögulegar eða heppilegar.
- Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum, m.a. getur deildin sent kveðju.

Þegar barnið kemur aftur í skólann.

- Undirbúa þarf alla á deildinni undir hvernig taka skuli á móti barninu þegar það kemur aftur í leikskólann, en það getur auðveldað því endurkomuna.
- Hópstjóri og deildarstjóri veita viðkomandi barni sérstaka athygli næstu vikur.

Andlát barns.

Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir viðkomandi foreldra/forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi. Kallaðir eru til fagaðilar til stuðnings eftir samráð, um getur verið að ræða sérfræðinga, fulltrúa trúar- eða lífsskoðunarfélaga eða aðra fagaðila. Trúarlegar helgistundir sem tengjast viðbrögðum við áfalli skulu að öllu jöfnu fara fram utan skólatíma.

- Gæta skal þess að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við leikskólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Leikskólastjóri kallar saman samráðsteymi sem tilkynnir starfsfólki leikskólans dauðsfallið með símhringingu eða á stuttum fundum á vinnutíma.
- Leikskólastjóri og samráðsteymi kallar til viðeigandi, utanaðkomandi stuðnings til samráðs og til að skipuleggja sameiginlega stund.
- Samráðsteymi hringir í alla foreldra barna á deildinni, tilkynnir andlátíð og boðar þá jafnframt í sameiginlega stund sem fara á fram í leikskólanum.
- Börnunum er sagt frá andlátinu af utanaðkomandi aðila/stuðningur. Hlúð er að börnunum á deildinni eins og hægt er með aðstoð foreldra og starfsfólks.
- Hringt er í alla foreldra í leikskólanum af samráðsteymi og deildarstjórum viðkomandi deilda. Einnig er hringt í þá starfsmenn sem voru fjarverandi frá vinnu þennan dag.
- Leikskólinn dregur fá í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna starfsfólki, foreldrum og börnum um andlátíð.

Vinna á viðkomandi deild sama dag.

- Æskilegt er að deildarstjóri sé á deildinni það sem eftir er skóladags.
- Hafa logandi kerti á deildinni í lukt.
- Börnunum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn (lífið og dauðann).
- Utanaðkomandi aðili, skólastjórnendur og /eða sálfræðingur aðstoða ef þörf er á.
- Mikilvægt er að samráðsteymi leikskólans athugi hvaða börn voru ekki í leikskólanum þennan dag svo hægt sé að senda skilaboð til forráðamanna þeirra.

Í lok dagsins skal fundað með samráðsteymi ásamt deildarstjóra, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.

Fulltrúar leikskólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi barns með samúðarkveðju næstu daga á eftir.

Vinna á viðkomandi deild næstu daga.

- Kveikt á kerti í lukt og látið loga fram yfir jarðaför.
- Deildin útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minningargrein. Einnig geta börnin teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur.
- Eigur barnsins eru fjarlægðar smátt og smátt af deildinni, fatahólfið tæmt og allt sett í kassa merktum barninu.
- Börnunum greint frá hvað gerist næstu daga, þ.e. kistulagning og jarðarför. Gott er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila. Ræða við börnin í litlum hópum.
- Börnunum leyft að tjá tilfinningar sínar og koma með eigin reynslusögur. Sorginni gefinn tími.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt starfsmönnum deildar barnsins og þeir sem tengst hafa barninu eru viðstaddir jarðaförina.

Aðstandendur.

Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda barna.

- Leikskólastjóri fær staðfestingu á veikindum/slysi hjá forráðamanni barns.
- Samráðsteymi fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Upplýsingum komið til starfsmanna deildarinnar sem fyrst auk annarra sem málið varðar.
- Aðilar úr samráðsteymi aðstoða deildarstjóra við að undirbúa deildina að taka á móti barninu, ef barnið hefur verið frá leikskóla í einhvern tíma. Það auðveldar barninu endurkomuna.

Andlát foreldra/systkina barna.

- Leikskólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn.
- Deildarstjóra barnsins tilkynnt um dauðsfallið.
- Samráðsteymi kallað saman þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð starfsfólks leikskólans.

Ath! Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir forráðamenn barnsins til samþykkis og mikilvægt er að hafa þá með í ráðum frá upphafi.

- Samráðsteymi leikskólans tilkynnir starfsfólki um atburðinn.
- Samráðsteymi hringir í foreldra allra barna á deildinni sem málið varðar og tilkynnir andlátið. Í kjölfarið er talað við börnin í litlum hópum.
- Samráðsteymi aðstoðar deildarstjóra með áframhaldandi vinnu á deildinni.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru viðstaddir útförina.

Starfsfólk leikskólans.

Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns leikskólans.

Leikskólastjóri/samráðsteymi ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli veikindin/slysið.

Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikinda á starfsmanni leikskólans.

- Leikskólastjóri, eða staðgengill hans, aflar sér upplýsinga um málið.
- Samráðsteymi leikskólans er kallað saman og ákveður hvernig farið er með málið innan leikskólans.
- Leikskólastjóri tilkynnir fræðslustjóra, eða staðgengil hans, um aðburðinn.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri, eða staðgengill hans, sem gefa upplýsingar um málið.

Fyrstu viðbrögð vegna andláts starfsmanns leikskólans.

- Leikskólastjóri, eða staðgengill hans, aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Leikskólastjóri, eða staðgengill hans, tilkynnir fræðslustjóra, eða staðgengli hans, um andlátið.
- Samráðsteymi leikskólans kallað saman og tekin ákvörðun um frekari vinnslu málsins.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri, eða staðgengill hans, sem gefa upplýsingar um málið.

Verkefni samráðsteymis við andlát starfsmanns skólans.

- Leikskólastjóri leitar upplýsinga um andlátið. Unnið er að næstu skrefum í samvinnu við aðstandendur.
- Samráðsteymi kallað saman og tekur ákvörðun um næstu skref.
- Samráðsteymi upplýsir allt starfsfólk um andlátið.
- Samráðsteymi leikskólans sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru.
- Samverustund með öllu starfsfólki og viðeigandi utanaðkomandi aðstoð, samdægurs eða eins fljótt og unnt er.
- Gæta þarf þess að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við leikskólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Samráðsteymi ásamt deildarstjórum sér um að tilkynna andlátið til allra foreldra.
- Samráðsteymi ákveður hvernig tilkynna eigi börnunum um andlátið.
- Flaggað í hálfu stöng og kveikt er á kerti í lukt framyfir jarðaför.
- Samráðsteymi veitir viðkomandi deild stuðning og vinnur með henni næstu daga.
- Leikskólastjóri og samstarfsfélagar fara heim til nánustu aðstandenda starfsmanns.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, ásamt nánustu samstarfsfélögum (jafnvel allur starfmannahópurinn) eru viðstaddir útförina.
- Leikskólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

Andlát maða starfsmanns/barns.

- Leikskólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátið.
- Samráðsteymið upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátið.
- Samráðsteymið sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru.
- Gæta þarf þess að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann, fái freignina sérstaklega – ekki yfir hópinn.
- Samráðsteymi sér um að tilkynna andlátið til foreldra viðkomandi deildar.
- Deildarstjóri ásamt samstarfsfélögum ræða við börnin í minni hópum.
- Flaggað í hálfu stöng.
- Leikskólastjóri ásamt samstarfsfélögum fer heim til viðkomandi starfsmanns.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru viðstaddir jarðaförina.
- Leikskólinn sendir samúðarkveðju til viðkomandi starfsmanns og fjölskyldu hans.

Minningarkassi.

Minningarkassi er í vörslu leikskólastjóra og er aðgengilegur öllum.

Minningarborð er sett upp í anddyri eða inni á deild eftir aðstæðum.

Minningarborð er tekið niður eftir jarðarför.

Minningarkassi.

- Kerti.
- Dúkur.
- Rammi.
- Bók sem skráir atvik.
- Skrá yfir börn, foreldra og símanúmer.
- Skrá yfir starfsmenn, nöfn maka og símanúmer.
- Nafn fræðslustjóra, leikskólafulltrúa og símanúmer þeirra.
- Listi yfir þá aðila sem leita má til sem stuðning.
- Bók þar sem skráðar eru upplýsingar um það sem komið hefur fyrir og hvernig hefur verið unnið með það og endurmat.